

## RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

### 28. FUNDUR MIÐSTJÓRNAR HALDINN FÖSTUDAGINN 11 OKTÓBER 2013.

#### Mæting:

Ómar Baldursson, Haraldur Arnbjörnsson, Guðrún S Bergþórsdóttir, Sigurjón Ingvarsson, Jón Ingi Skúlason, Sighvatur D Sighvatz, Davíð Sigmundsson, Snorri Jónsson, Andri Jóhannesson, Jakob Tryggvason, Hafliði Sívertsen, Bára Halldórsdóttir, Kristján Þ Snæbjarnarson, Sigurður Sigurðsson, Helgi Jónsson.

#### Forföll boðuðu:

Einar Ág Kristinsson, Júlía Þórðardóttir, Eyjólfur Ólafsson, Svanborg Hilmarsdóttir, Jens H Ragnarsson, Grétar B. Guðmundsson.

#### Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Kjarasamningar.
3. 200 þúsund naglbítar.
4. Orlofshúsamál.
5. Jólstyrkur atvinnuleitenda
6. Félagavefur-AP-Media.
7. Trúnaðarráðstefnan.
8. Vinnudeilusjóður-sjóðsstjórn.
9. Önnur mál.

#### 1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt án athugasemda.

#### 2. Kjarasamningar.

Formaður fór yfir fund sem haldinn var með túrnaðarmönnum RSÍ s.l. föstudag, þar sem kynnt var niðurstaða viðhorfskönnunar sem gerð var meðal félagsmanna á dögnum. Þar var m.a. spurt hvað félagsmenn vildu sjá útúr næstu kjarasamningum. Helstu niðurstöður voru „aukinn kaupmáttur“ og „auknar ráðstöfunartekjur“.

Þá kom fram að stjórnvöld ætla lítið að koma til móts við launþega þessa lands í næstu kjarasamningum, ætla frekar að bæta í með að hækka ýmsa gjaldaliði s.s. vörugjöld, tóbak, áfengi og fl. Á móti á miðþrep tekjuskatts að lækka um 0,8%.

Búið er að móta kröfugerð fyrir „almenna samninginn“ og var hún kynnt og samþykkt.

Helstu kröfur eru m.a.

Nýr kjarasamningur gildi frá lokun þess sem rennur út 30 nóv.

Tryggja aukinn kaupmátt launa og leiðrétt laun þeirra hópa sem ekki hafa notið aukins kaupmáttar á undanförunum árum.

Tryggja verði að launahækkunar ná til allra hópa, ásamt ýmsu fleiru.

Þeir félagsmenn sem starfa hjá RÚV og ISAVIA hafa krafist þess, að gerðir verði sérkjarasamningar fyrir þá félagsmenn RSÍ sem starfa hjá fyrirtækjunum.

Kynnt var samantekt ASÍ á fjárlagafrumvarpinu sem lagt var fram á dögnum.

Í frumvarpinu eru áform um að gera breytingar á ýmsum sköttum. M.a að lækka veiðigjöld um 2,6 mia, eins að lækka fjársýsluskatt úr 6,75% í 4,5%. Leggja sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki, og hækka útvarpsgjald um 3%. Svona mætti lengi telja.

Kynnt var hugmynd ASÍ að rammisamkomulagi, sem leggja á fyrir stjórnvöld til að reyna að liðka fyrir komandi samningsgerð.

### **3. 200 þúsund naglbítar.**

Íslandspóstur hefur á leigu Stórhöfða 29 og er með leigusamning til ársins 2015.

Forsvarsmenn póstsins hafa sýnt áhuga á kaupum eða áframhaldandi leigu. Samþykkt að bjóða póstinum nýjan leigusamning og þá frekar að koma til móts við þá með lægri leigu ef þörf krefur.

### **4. Orlofshúsamál.**

Orlofsnefnd kom saman til fundar og ræddi gjaldskrár orlofshúsa fyrir árið 2014.

Nefndin lagði til að gjaldskrá fyrir orlofshús og íbúðir fyrir árið 2014 verði óbreytt.

Samþykkt af miðstjórn.

### **5. Jólástyrkur atvinnuleitenda.**

Samþykkt að atvinnuleitendur félagsmenn RSÍ geti eins og undanfarin ár sótt um styrk fyrir jólin (jólástyrk) að upphæð kr. 19.200.- auk þess kr. 19.200.- með hverju barni undir 18 ára aldri sem er sannarlega á framfæri félagsmannsins.

Styrkurinn getur þó aldrei numið hærri upphæð en kr. 59.047.- sem er frítekjumark Atvinnuleysisstryggingasjóðs.

Reglur varðandi styrkveitinguna eru óbreyttar frá fyrri árum.

#### **6. Félagavefur-AP-media.**

Til kynningar var nýr félagsvefur sem AP-media er að gera. Þar geta félagsmenn RSÍ gengið að ýmsum upplýsingum og fl. varðandi starfsemi RSÍ eins hvernig þeirra staða er gagnvart sambandinu t.d. um greiðslu félagsgjalda stöðu punkta og fl. Þetta er mjög áhugaverður vefur. Í dag er þetta ákveðið þróunarverkefni sem er vel á veg komið og verður kynnt fyrir RSÍ á næstunni. Kostnaðarverð ekki gefið upp að svo stöddu. Skoðað verður með, hvort vefurinn verður keyptur þegar verðhugmynd liggur fyrir sem áætlað er að verði á næsta fundi.

Verið er að vinna að eins vef fyrir fleiri félagsamtök s.s. Kennarasamband Íslands.

#### **7. Trúnaðarráðstefnan 2013.**

Ráðstefnan verður haldin dagana 7 og 8 nóvember, að venju á Selfossi.

Kynnt voru drög að dagskrá ráðstefnunnar.

#### **8. Vinnudeilusjóður-sjóðstjórn.**

Samþykkt að fresta umræðu um þennan lið, vegna fjarveru gjaldkera RSÍ.

#### **9. Önnur mál.**

Formaður minnti á auka-ársfund Lífeyrissjóðsins Stafa sem haldinn verður 16. október á Grand hóteli.

Næsti miðstjórnarfundur er áætlaður 1 nóvember n.k.

Fleira ekki fært til bókar, og fundi slitið kl 16.10

Fundargerð: Helgi Jónsson ritari.